Hagtíðindi
Statistical Series
Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni
Tourism, transport and IT

2011:2 • 6. september 2011

# Tölvu- og netnotkun einstaklinga 2011

*Computer and Internet usage by individuals 2011*

*Samantekt*

**Nettenging er til staðar á 93% íslenskra heimila. Árleg fjölgun nettengdra heimila hefur verið að meðaltali 2% síðustu fimm ár, en fjölgunin er þó minni á milli áranna 2010 og 2011 en á fyrri árum.**

**Ríflega 4% landsmanna á aldrinum 16–74 ára hafa aldrei notað netið en 93% netnotenda nota netið daglega. Aukning hefur orðið á notkun Íslendinga á samskiptasíðum, úr 70% netnotenda árið 2010 í 76% nú. Ríflega 40% hafa lesið eða skrifað skoðanir á netinu um stjórnmálaleg eða samfélagsleg málefni og rúmlega einn þriðji hluti netnotenda hefur reynt að hafa áhrif á samfélagslega umræðu, t.d. með þátttöku í netkosningu eða undirskriftalistum á netinu. Ríflega helmingur netnotenda á aldrinum 16–74 ára höfðu verslað á netinu þegar miðað var við ár fram að rannsókn. Algengast var að keypt hefði verið áskrift að fjarskiptaþjónustu, aðgöngumiðar á viðburði, farmiðar og önnur ferðatengd þjónusta.**

**Þriðjungur allra sem hafa notað tölvu hafa uppfært eða sett upp nýtt stýrikerfi í tölvum sínum. Tæp 62% telja tölvu- og netkunnáttu sína vera nægilega ef þeir myndu leita að nýju starfi eða að skipta um starf innan árs. Rúm 57% telja að tölvu- og netkunnátta sín sé nægileg til að vernda tölvu sína fyrir vírusum og öðrum tölvuógnum.**

**Í hefti þessu er lauslega farið yfir helstu niðurstöður rannsóknar á tölvu- og netnotkun einstaklinga árið 2011. Ítarlegri upplýsingar er að finna í veftöflum á vef Hagstofunnar undir efnisliðnum *Upplýsingatækni.***

## Inngangur

Rannsókn á tækjabúnaði heimila og notkun einstaklinga á tölvu- og nettækni hefur verið framkvæmd árlega á vegum Hagstofu Íslands frá árinu 2002. Handahófskennt úrtak 2.100 einstaklinga á aldrinum 16–74 ára er tekið úr Þjóðskrá og eru spurningalistar lagðir fyrir svarendur símleiðis. Rannsóknin helst að miklu leyti óbreytt á milli ára, en spurningar eru þó uppfærðar með hliðsjón af almennum tæknibreytingum. Auk þess eru tekin fyrir ný viðfangsefni í breytilegum hluta rannsóknarinnar á ári hverju. Einnig geta komið til breytingar á orðalagi spurninga, en hafi það í för með sér röskun á tímaröðum með breytingu á hlutföllum er leitast við að gera grein fyrir því í Hagtíðindaheftinu. Er rannsókn þessi jafnframt framkvæmd árlega í 29 öðrum Evrópuríkjum.

Hagstofa Íslands

## Tölvu- og netnotkun á Íslandi

*95% landsmanna teljast til netnotenda*

Á fyrsta ársþriðjungi ársins 2011 notuðu 96% Íslendinga tölvu og 95% höfðu tengst netinu á því tímabili. Teljast þeir sem tengst höfðu netinu innan við þremur mánuðum fyrir rannsóknina vera ‚netnotendur' og eru önnur heildarhlutföll í niðurstöðum reiknuð útfrá þeim fjölda (sé annað ekki tekið sérstaklega fram). 93% notuðu netið daglega (eða nánast daglega) og önnur 6% til viðbótar notuðu netið að minnsta kosti einu sinni í viku. Teljast þessi 99% netnotenda til ‚reglulegra notenda', og eru það 94% af heildarfjölda landsmanna.

**Mynd 1. Netnotendur**
*Figure 1. Internet users*




Sambærileg gögn liggja fyrir yfir önnur Evrópuríki frá árinu 2010. Teljast 69% íbúa Evrópusambandsríkjanna þar til netnotenda og ‚reglulegir notendur' eru þar 65% (af heildarmannfjölda). Noregur, Holland, Lúxemborg, Svíþjóð og Danmörk eru þau Evrópulönd þar sem netnotendur eru flestir (eða um 90%).[1]

## Tenging við net innan og utan heimila

*54% tengjast netinu á vinnustað*

Tölvur eru á 95% heimila á landinu og 93% heimila eru nettengd. Tölvueign og nettengingar á heimilum hafa aukist að meðaltali 2% á ári síðustu fimm ár. Aukning í fjölda nettenginga er þó eingöngu 0,4% milli frá áranna 2010 og 2011. 98% netnotenda tengjast netinu heima hjá sér, 54% tengjast netinu á vinnustað, 30% tengjast netinu heima hjá öðrum, 21% tengjast netinu í skóla og 11% tengjast netinu á annarsstaðar.

*26% tengjast netinu utan heimilis og vinnu með farsíma*

Rúmlega fjórðungur netnotenda tengdust neti utan heimilis og vinnu með farsíma (eða snjallsíma) og þar af 23% netnotenda um kerfi sem var 3g eða hraðara. Í rannsókninni var í fyrsta skipti spurt um tengingu um farsíma með „WiFi“ kerfi, en 11% netnotenda tengdust netinu á þann hátt utan heimils eða vinnu. Ríflega þriðjungur netnotenda tengdust netinu með fartölvu utan heimilis og vinnu, sem er aukning úr 31% sem hafði haldist þannig síðastliðin þrjú ár. Tæplega 15% tengdust netinu um fartölvu með netlykli og ríflega 25% með „WiFi“.

[1] SEYBERT & LÖÖF (2010) *Internet usage in 2010 – Housholds and Individuals.* Luxembourg, Eurostat. Á vef: http://epp.eurostat.ec.europa.eu/portal/page/portal/product_details/publication?p_product_code=KS-QA-10-050.

## Þátttaka í netsamfélaginu

*Þrír af hverjum fjórum landsmönnum nota samskiptasíður*

Spurt var hvað fólk hefði gert á netinu á síðustu þremur mánuðum fyrir rannsóknina. Ekki var verið að spyrja um notkun vegna vinnu. Samskiptasíður á borð við Facebook og Twitter njóta mikilla vinsælda á netinu og höfðu tæp 76% netnotenda notað slíkar síður sem er 5,5% aukning frá árinu 2010. Tæplega 54% höfðu notað „Wiki“ síður, 42% lásu eða skrifuðu skoðanir um samfélagsleg málefni á netinu og 33% höfðu reynt að hafa áhrif á samfélagslega eða pólitíska umræðu, t.d. með netkosningum eða rafrænum undirskriftalistum.

## Kaup á vörum og þjónustu um netið

*Ríflega helmingur keypti vörur eða þjónustu í gegnum netið*

Þriðjungur netnotenda höfðu pantað eða keypt vörur eða þjónustu í gegnum netið síðustu þrjá mánuði fyrir rannsókn en ef miðað er við 12 mánaða tímabil fyrir framkvæmd rannsóknar þá hækkar þetta hlutfall í 51%. Netverslun hefur aukist lítillega frá fyrra ári og er algengust meðal netnotenda á aldrinum 35–44 ára, eða tæp 42%, en minnst meðal netnotenda á aldrinum 65–74 ára, en þó höfðu 16% þeirra pantað eða keypt vöru eða þjónustu á netinu síðustu þrjá mánuði fyrir rannsókn.

*Flestir kaupa fjarskiptaþjónustu á netinu*

Af tilteknum vörum eða þjónustu sem keypt var í gegnum netið á 12 mánaða tímabili fyrir rannsókn var algengast að keypt hefði verið fjarskiptaþjónusta, eða í 55% tilfella. Tæplega 47% þeirra sem höfðu verslað um netið keyptu eða pöntuðu farmiða og ferðatengda þjónustu aðra en gistingu. Tæp 45% keyptu sér aðgöngumiða á viðburði og rúm 40% keyptu sér gistingu, bækur og tímarit eða föt og íþróttavörur í gegnum netið.

## Tölvu- og netkunnátta Íslendinga

*35% hafa uppfært eða sett upp nýtt stýrikerfi*

Til að meta almenna tölvukunnáttu voru svarendur spurðir hvort þeir hefðu framkvæmt tilteknar aðgerðir. Þannig höfðu 85% tölvunotenda fært til eða afritað skjal eða möppu, tæp 78% fært skrár á milli tölvu á annarra tækja og rúm 76% notað einfaldar formúlur, s.s. í Excel. Tæplega 67% tölvunotenda höfðu tengt og sett upp tölvubúnað og 35% uppfært gamalt eða sett upp nýtt stýrikerfi. Á samanburði við fyrri ár má sjá aukningu í fjölda netnotenda sem framkvæmt höfðu allar þær aðgerðir sem spurt var um. Hafa ber í huga að alltaf er um að ræða hlutfall af þeim heildarfjölda sem notar tölvur á annað borð og þar með ætti fjölgun tölvunotenda almennt ekki að skýra fjölgun í þessum liðum. Svipað á við um netkunnáttu og tölvukunnáttu að því leiti að þeim fjölgar sem framkvæmt hafa flestar þær aðgerðir sem spurt var um. Athygli vekur þó fækkun þeirra sem segjast hafa notað leitarvél á netinu, úr 97% árið 2010 í 94% nú. Tæplega 89% netnotenda hafa sent tölvupóst með viðhengi, 64% hafa notað netið til að hringja símtöl og tæp 60% hafa sett eða hlaðið inn texta, leikjum, myndum, myndböndum eða tónlist á vefsíður.

*58% telja tölvu- og netkunnáttu sína næga til að vernda tölvu sína gegn vírusum*

Svarendur voru spurðir hvort þeir mætu kunnáttu sína á tölvu og net nægilega fyrir eftirfarandi tilfelli: ef þeir væru að sækja um vinnu eða skipta um vinnu innan árs; til að eiga í samskiptum við ættingja, vini, eða vinnufélaga í gegnum netið; til að vernda persónuleg gögn; eða til að vernda tölvu gegn vírusum og öðrum tölvuógnum. Voru svarmöguleikar þeir að tölvu- og netkunnátta væri ýmist nægileg, ekki nægileg, eða ætti ekki við. Tæplega 93% þeirra sem notað höfðu netið töldu kunnáttu sína nægilega til að eiga samskipti við vini og ættingja í gegnum það. Rúm 66% töldu net- og tölvukunnáttu sína nægilega til að sækja um vinnu innan árs, en 28% töldu kunnáttu sína ekki vera nægilega til þess. Tæp 6% töldu kunnáttu sína ekki eiga við í slíku tilfelli. Mikill munur er á svörum við þessari spurningu

eftir aldurshópum, þar sem greina má beinlínutengsl milli aldurs og þess að telja tölvukunnáttu sína ekki nægilega. Rúm 62% töldu kunnáttu sína nægilega til að vernda persónuleg gögn sín, en tæp 58% töldu kunnáttu sína næga til að vernda tölvu sína gegn vírusum og öðrum öryggisógnunum á netinu.

## Aðrar breytingar frá síðustu rannsókn

Svör við spurningu um tegund nettenginga á heimilum benti til þess að svarendur væru almennt ekki meðvitaðir um greinarmun á tegundum háhraðatenginga og eru niðurstöður á svörum við þeirri spurningu því ekki birtar. Aukning kom fram í fjölda nettenginga um farsíma, en gert er ráð fyrir að sá fjöldi hafi verið vanmetinn fyrir árið 2010. Breyting sem fram kemur í fjölda þeirra sem skoðað hafa ferðaþjónustuvefi (lækkun úr 62,4% í 56,5%) getur skýrst að einhverju leyti af breytingu á undirliggjandi spurningu, þar sem svarmöguleiki var endurorðaður. Var áhersla nú á nýtingu ferðaþjónustu um vefinn, en var áður á að skoða ferðaþjónustuvefi. Einnig hefur svarmöguleiki sem birtur er sem ‚leitað að upplýsingum um heilbrigðismál' verið endurorðaður, sem gæti skýrt mikla fjölgun sem orðið hefur í þeim lið. Breytingar á svörum milli ára í öðrum liðum ættu ekki að skýrast af breytingum á spurningalistanum.

## English Summary

Internet connections are now in 93% of households in Iceland. The annual increase in the number of connected households has been 2% yearly average last five years. However the increase is lower between 2010 and 2011 than in the previous years.

More than 4% of the population in the age range of 16–74 years old have never connected to the Internet, but 93% connect to it daily. The use of social networks has increased from 70% of Internet users in 2010 to 76% now. More than 40% have read or posted opinions on civic or political issues via websites, and more than one third of Internet users have taken part in on-line consultation to voting to redefine civic issues. More than half of Internet users in the age range of 16–74 years old had made purchases over the Internet, based on a reference period of one year prior to survey. Most commonly people had purchased telecommunication services, tickets to events, and travel arrangements, such as transportation tickets.

A third of those who have used a computer have updated or installed a new operating system on their machines. Approximately 62% consider their computer and Internet skills sufficient if they were to look for a new job or change jobs within a year. More than 57% consider their computer and Internet skills sufficient to protect their computer from viruses and other computer threats.

**Tafla 1. Tæknibúnaður á heimilum 2011**
*Table 1. Technology in households 2011*

Hlutfall heimila *Percent of households*

| | Tölva *Computer* | Nettenging *Internet connection* | Sjónvarpstæki *TV set* | Flatskjár *Flat screen TV* |
|---|---|---|---|---|
| **Alls** ***Total*** | **94,7** | **92,6** | **95,0** | **54,0** |
| **Búseta** ***Residence*** | | | | |
| Höfuðborgarsvæði *Capital region* | 96,0 | 93,9 | 93,2 | 53,0 |
| Landsbyggð *Other regions* | 92,5 | 90,5 | 97,9 | 55,6 |
| **Heimilisgerð** ***Type of household*** | | | | |
| Heimili án barna yngri en 16 ára *Households without child(ren) under 16 years* | 91,8 | 89,0 | 93,3 | 49,5 |
| Heimili með barn/börn yngri en 16 ára *Households with child(ren) under 16 years* | 99,8 | 99,1 | 98,1 | 62,0 |
| **Tekjur heimilis í ísl. krónum** ***Household income in ISK*** | | | | |
| 0–200 þúsund *thousand* | 80,6 | 75,9 | 91,7 | 29,0 |
| 201–400 þúsund *thousand* | 96,1 | 93,1 | 97,8 | 45,6 |
| 401–600 þúsund *thousand* | 99,4 | 98,5 | 96,5 | 61,0 |
| 601–800 þúsund *thousand* | 100,0 | 100,0 | 98,0 | 76,0 |
| 801–1.000 þúsund *thousand* | 99,0 | 100,0 | 94,8 | 74,3 |
| Meira en 1 milljón *Over 1 million* | 100,0 | 99,0 | 96,2 | 74,5 |

| Tvö sjónvarpstæki eða fleiri *More than one TV set* | Gervihnatta diskur *Satellite dish* | DVD spilari *DVD player* | Myndbandstæki *VCR/Video recorder* | Heimabíó *Home theater system* | Tónhlaða *iPod/ MP3* |
|---|---|---|---|---|---|
| **45,5** | **6,9** | **84,1** | **61,9** | **28,6** | **62,9** |
| | | | | | |
| 42,5 | 6,2 | 82,7 | 57,6 | 27,7 | 64,7 |
| 50,4 | 7,9 | 86,3 | 69,2 | 30,0 | 59,9 |
| | | | | | |
| 38,2 | 5,4 | 81,5 | 61,9 | 24,2 | 51,5 |
| 58,5 | 9,4 | 88,6 | 62,0 | 36,4 | 83,3 |
| | | | | | |
| 22,8 | 4,1 | 72,0 | 46,5 | 19,0 | 36,6 |
| 37,5 | 6,3 | 79,6 | 61,0 | 19,3 | 54,1 |
| 53,3 | 6,5 | 91,0 | 66,7 | 34,1 | 78,8 |
| 60,1 | 10,2 | 94,0 | 68,8 | 38,0 | 76,4 |
| 66,4 | 5,1 | 97,2 | 67,5 | 49,6 | 85,2 |
| 67,4 | 10,1 | 91,4 | 65,8 | 45,3 | 88,4 |

**Tafla 2. Tíðni tölvu- og netnotkunar einstaklinga 2011**
*Table 2. Frequency in the use of a computer and the Internet 2011*

| Hlutfall tölvu- og netnotenda *Percent of computer and Internet users* | Tölvunotkun *Use of a computer* | | | Netnotkun *Use of the Internet* | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Daglega *Daily* | Einu sinni í viku *Once a week* | Sjaldnar en einu sinni í viku *Less than once a week* | Daglega *Daily* | Einu sinni í viku *Once a week* | Sjaldnar en einu sinni í viku *Less than once a week* |
| **Allir *All*** | **93,5** | **5,1** | **1,4** | **92,6** | **6,0** | **1,3** |
| **Karlar *Males*** | **95,0** | **4,0** | **1,0** | **92,8** | **5,3** | **0,9** |
| 16–24 ára *years* | 96,8 | 3,2 | 0,0 | 95,3 | 4,0 | 0,7 |
| 25–54 ára *years* | 95,5 | 3,4 | 1,1 | 94,8 | 4,0 | 0,6 |
| 55–74 ára *years* | 91,6 | 6,5 | 1,9 | 84,4 | 10,8 | 2,0 |
| **Konur *Females*** | **91,9** | **6,3** | **1,7** | **90,9** | **6,7** | **1,8** |
| 16–24 ára *years* | 96,4 | 3,6 | 0,0 | 96,3 | 3,7 | 0,0 |
| 25–54 ára *years* | 95,9 | 3,9 | 0,2 | 94,6 | 4,7 | 0,7 |
| 55–74 ára *years* | 77,3 | 15,4 | 7,3 | 76,2 | 14,7 | 6,3 |
| **Búseta *Residence*** | | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði *Capital region* | 95,4 | 3,9 | 0,7 | 93,6 | 5,0 | 0,9 |
| Landsbyggð *Other regions* | 90,2 | 7,3 | 2,6 | 88,8 | 7,8 | 2,1 |
| **Menntun *Education*** | | | | | | |
| Skyldunám *Primary* | 89,3 | 7,8 | 2,9 | 87,5 | 8,5 | 2,2 |
| Stúdent eða iðnnám *Secondary* | 94,9 | 4,5 | 0,7 | 93,5 | 5,5 | 0,8 |
| Nám á háskólastigi *Tertiary* | 98,5 | 1,5 | 0,0 | 97,6 | 2,1 | 0,3 |
| **Atvinna *Occupation*** | | | | | | |
| Námsmaður *Student* | 99,3 | 0,7 | 0,0 | 98,8 | 0,7 | 0,4 |
| Starfandi *Employed* | 94,5 | 4,8 | 0,7 | 93,0 | 5,9 | 0,6 |
| Aðrir *Others* | 84,1 | 10,9 | 4,9 | 81,9 | 11,4 | 4,6 |

**Skýringar** *Notes*: Tölvu- og netnotendur eru þeir sem hafa notað tölvu eða net á síðustu þremur mánuðum. *Computer and Internet users are those who have used a computer or the Internet three months prior to the survey.*

**Tafla 3. Tenging við net utan heimilis og vinnu 2011**
*Table 3. Connection with Internet outside of homes and workplaces 2011*

| | Farsími *Mobile phone* | Farsími um WAP eða GPRS *Mobile phone via WAP or GPRS* | Farsími um UMTS eða 3G *Mobile phone via UMTS or 3G* | Farsími um WiFi *Mobile phone via WiFi* | Fartölva *Laptop* | Fartölva með netlykli eða utanáliggjandi netkorti *Laptop via USB key or laptop card* | Fartölva með WiFi *Laptop via public WiFi* | Öðru þráðlausu tæki *Other portable devices* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Allir** ***All*** | **26,1** | **10,4** | **22,6** | **10,9** | **33,7** | **14,9** | **25,2** | **5,6** |
| **Karlar** ***Males*** | **30,4** | **13,0** | **26,4** | **14,6** | **37,3** | **16,8** | **27,8** | **8,2** |
| 16–24 ára *years* | 38,0 | 17,3 | 36,6 | 17,8 | 48,8 | 15,3 | 38,3 | 9,0 |
| 25–54 ára *years* | 34,0 | 14,2 | 28,0 | 15,5 | 35,5 | 17,3 | 26,9 | 8,9 |
| 55–74 ára *years* | 11,4 | 4,8 | 10,8 | 8,4 | 30,4 | 16,8 | 19,1 | 5,4 |
| **Konur** ***Females*** | **21,7** | **7,6** | **18,7** | **7,1** | **30,0** | **13,0** | **22,6** | **3,0** |
| 16–24 ára *years* | 39,7 | 12,5 | 34,6 | 11,8 | 50,8 | 15,3 | 39,7 | 6,5 |
| 25–54 ára *years* | 23,0 | 8,6 | 19,6 | 8,2 | 28,1 | 12,8 | 22,1 | 2,7 |
| 55–74 ára *years* | 2,3 | 0,6 | 2,3 | 0,0 | 17,8 | 11,6 | 9,4 | 0,7 |
| **Búseta** ***Residence*** | | | | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði *Capital region* | 30,1 | 11,6 | 25,9 | 14,0 | 35,6 | 15,7 | 27,9 | 5,9 |
| Landsbyggð *Other regions* | 19,0 | 8,1 | 16,7 | 5,5 | 30,5 | 13,5 | 20,5 | 5,3 |
| **Menntun** ***Education*** | | | | | | | | |
| Skyldunám *Primary* | 25,1 | 9,7 | 21,3 | 7,9 | 29,8 | 11,9 | 21,8 | 4,3 |
| Stúdent eða iðnnám *Secondary* | 23,7 | 8,9 | 20,8 | 10,3 | 31,9 | 13,6 | 23,2 | 5,2 |
| Nám á háskólastigi *Tertiary* | 31,5 | 13,3 | 27,5 | 16,2 | 43,0 | 21,6 | 34,1 | 7,7 |
| **Atvinna** ***Occupation*** | | | | | | | | |
| Námsmaður *Student* | 36,2 | 12,9 | 33,8 | 15,9 | 58,9 | 16,4 | 49,5 | 7,5 |
| Starfandi *Employed* | 25,5 | 11,1 | 22,2 | 10,7 | 29,6 | 15,0 | 21,6 | 5,5 |
| Aðrir *Others* | 20,1 | 5,0 | 14,7 | 7,5 | 28,5 | 15,5 | 18,7 | 3,9 |

## Tafla 4. Rafræn samskipti einstaklinga 2011
*Table 4. Communication through the Internet 2011*

| | Átt símtöl eða fjarfundi um netið *Telephoning or for video calls* | Notað samskiptasíður, eins og Facebook og Twitter *Used social networks, such as Facebook or twitter* | Tekið þátt í atvinnutengdum netsamfélögum *Participate in professional networks online* | Lesið/skrifað skoðanir um samfélagsleg eða pólitísk málefni *Read/posted opinions on civic or political issues* | Haft áhrif á samfélagslega eða pólitíska umræðu, vefkosn. undirskr. *Defined civic or political issues, by consultation, voting* |
|---|---|---|---|---|---|
| **Allir** ***All*** | **46,9** | **75,6** | **7,1** | **41,8** | **33,3** |
| **Karlar alls** ***Men total*** | **48,1** | **67,4** | **8,6** | **45,9** | **34,4** |
| 16–24 ára *years* | 56,6 | 93,7 | 4,4 | 44,4 | 34,1 |
| 25–54 ára *years* | 45,8 | 67,2 | 10,9 | 48,5 | 33,6 |
| 55–74 ára *years* | 46,0 | 40,3 | 6,0 | 39,5 | 37,0 |
| **Konur alls** ***Women total*** | **45,7** | **84,2** | **5,6** | **37,6** | **32,2** |
| 16–24 ára *years* | 61,9 | 99,3 | 5,6 | 35,4 | 32,6 |
| 25–54 ára *years* | 44,4 | 88,6 | 7,2 | 40,0 | 34,9 |
| 55–74 ára *years* | 35,4 | 59,0 | 1,1 | 32,8 | 24,0 |
| **Búseta** ***Residence*** | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði *Capital region* | 49,4 | 77,0 | 8,3 | 45,0 | 35,6 |
| Landsbyggð *Other regions* | 42,5 | 73,3 | 5,0 | 36,2 | 29,3 |
| **Menntun** ***Education*** | | | | | |
| Skyldunám *Primary* | 43,5 | 81,0 | 3,0 | 35,9 | 30,0 |
| Stúdent eða iðnnám *Secondary* | 46,4 | 71,8 | 3,8 | 39,2 | 32,6 |
| Nám á háskólastigi *Tertiary* | 52,4 | 73,9 | 17,6 | 55,8 | 40,0 |
| **Atvinna** ***Occupation*** | | | | | |
| Námsmaður *Student* | 60,5 | 95,2 | 5,3 | 45,2 | 35,1 |
| Starfandi *Employed* | 43,9 | 72,4 | 7,9 | 42,5 | 34,3 |
| Aðrir *Others* | 49,9 | 69,8 | 5,6 | 35,0 | 25,5 |

**Skýringar** *Notes*: Spurt var um notkun í eigin þágu á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar. *Resp. were asked about use of Internet for private purpose in the last three months prior to the survey.*

**Tafla 5. Kaup einstaklinga um netið 2011**
*Table 5. Individuals' Internet commerce 2011*

| Hlutfall netnotenda *Percent of Internet users* | Á sl. þremur mánuðum *In the last 3 months* | Á sl. tólf mánuðum *In the last 12 months* |
|---|---:|---:|
| **Allir *All*** | **32,9** | **51,4** |
| **Aldur *Age*** | | |
| 16–24 ára *years* | 28,2 | 48,3 |
| 25–34 ára *years* | 41,5 | 64,1 |
| 35–44 ára *years* | 40,2 | 59,1 |
| 45–54 ára *years* | 33,1 | 50,3 |
| 55–64 ára *years* | 23,1 | 38,3 |
| 65–74 ára *years* | 15,9 | 26,0 |
| **Karlar alls *Males, total*** | **35,3** | **54,3** |
| 16–24 ára *years* | 29,0 | 49,7 |
| 25–54 ára *years* | 39,9 | 58,7 |
| 55–74 ára *years* | 28,1 | 45,7 |
| **Konur alls *Females, total*** | | **48,4** |
| 16–24 ára *years* | **30,3** | 46,7 |
| 25–54 ára *years* | 27,3 | 57,5 |
| 55–74 ára *years* | 36,9 | 23,9 |
| | 14,0 | |
| **Búseta *Residence*** | | |
| Höfuðborgarsvæði *Capital region* | 32,7 | 51,0 |
| Landsbyggð *Other regions* | 33,1 | 52,1 |
| **Menntun *Education*** | | |
| Skyldunám *Primary* | 24,2 | 40,6 |
| Stúdent eða iðnnám *Secondary* | 32,5 | 52,4 |
| Nám á háskólastigi *Tertiary* | 48,0 | 68,3 |
| **Atvinna *Occupation*** | | |
| Starfandi *Employed* | 32,7 | 57,0 |
| Námsmaður *Student* | 35,5 | 54,3 |
| Aðrir *Others* | 25,0 | 38,8 |

**Tafla 6. Notkun einstaklinga á rafrænni þjónustu 2011**
*Table 6. Individual's use of online services 2011*

| Hlutfall netnotenda *Percent of Internet users* | Skoðað fréttavefi eða vefútgáfur dagblaða og tímarita *Read or downloaded online news, newspapers, magazines* | Fengið sendar fréttir, með fréttaáskrift á neti *Subsribed to online news services* | Skoðað ferða-þjónustuvefi *Looked at travelling service websites* | Notað heimabanka *Used internet banking* | Leitað upplýsinga um vöru og þjónustu *Searched for information on goods and services* |
|---|---|---|---|---|---|
| **Allir** ***All*** | **89,3** | **15,8** | **56,5** | **84,8** | **85,9** |
| **Karlar alls** | | | | | |
| ***Males, total*** | **88,9** | **20,0** | **58,5** | **85,2** | **87,9** |
| 16–24 ára *years* | 84,2 | 14,4 | 40,7 | 80,6 | 88,7 |
| 25–54 ára *years* | 89,1 | 22,6 | 60,4 | 87,7 | 88,3 |
| 55–74 ára *years* | 93,1 | 18,3 | 71,7 | 82,7 | 85,9 |
| **Konur alls** | | | | | |
| ***Females, total*** | **89,8** | **11,3** | **54,4** | **84,4** | **83,9** |
| 16–24 ára *years* | 84,6 | 6,6 | 45,0 | 86,6 | 87,8 |
| 25–54 ára *years* | 92,2 | 14,0 | 57,1 | 89,5 | 87,0 |
| 55–74 ára *years* | 87,1 | 8,0 | 54,8 | 68,2 | 71,6 |
| **Búseta** ***Residence*** | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | | | | | |
| *Capital region* | 90,5 | 17,5 | 59,6 | 86,5 | 87,2 |
| Landsbyggð | | | | | |
| *Other regions* | 87,2 | 12,7 | 51,0 | 81,9 | 83,7 |
| **Menntun** | | | | | |
| ***Education*** | | | | | |
| Skyldunám | | | | | |
| *Primary* | 85,7 | 11,8 | 45,8 | 78,5 | 80,8 |
| Stúdent eða iðnnám | | | | | |
| *Secondary* | 89,3 | 13,5 | 57,1 | 85,2 | 86,9 |
| Nám á háskólastigi | | | | | |
| *Tertiary* | 96,0 | 23,8 | 71,7 | 94,6 | 94,4 |
| **Atvinna** ***Occupation*** | | | | | |
| Námsmaður *Student* | 87,9 | 12,4 | 45,8 | 87,4 | 90,8 |
| Starfandi *Employed* | 91,2 | 17,5 | 61,0 | 88,0 | 87,2 |
| Aðrir *Others* | 84,7 | 11,1 | 50,0 | 70,8 | 81,0 |

**Skýringar** *Notes*: Spurt var um notkun í eigin þágu á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar. *Respondents were asked about for which private purpose they had used the Internet in the last three months prior to the survey.*

| Pantað eða keypt vörur eða þjónustu *Ordered or purchased goods and services* | Selt vörur eða þjónustu *Sold goods or services* | Tekið þátt í námskeiðum á netinu *Participated in online courses* | Leitað upplýsinga um framboð á menntun *Searched for information on edu-cation* | Leitað að vinnu, sent inn atv. umsóknir *Job seeking, sent job application* | Leitað upplýsinga v. heilsu eða heilbrigðis-mál *Searched for health related information* | Niðurhal á hugbúnaði öðrum en leikja- *Download-ed software, other than gaming* | Notað Wiki síður *Used Wiki pages* |
|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|
| **32,9** | **19,3** | **10,9** | **57,3** | **27,8** | **64,0** | **35,7** | **53,9** |
| | | | | | | | |
| **35,3** | **23,6** | **12,7** | **56,4** | **30,7** | **57,7** | **47,8** | **59,7** |
| 29,0 | 23,9 | 19,8 | 72,3 | 55,1 | 63,3 | 69,2 | 86,0 |
| 39,9 | 25,6 | 11,0 | 56,6 | 27,8 | 60,5 | 45,7 | 56,3 |
| 28,1 | 17,3 | 10,7 | 38,7 | 13,3 | 43,1 | 31,0 | 41,9 |
| | | | | | | | |
| **30,3** | **14,7** | **9,0** | **58,3** | **24,7** | **70,6** | **23,2** | **47,9** |
| 27,3 | 14,0 | 8,9 | 73,7 | 53,6 | 78,4 | 31,9 | 83,4 |
| 36,9 | 17,2 | 10,8 | 62,3 | 23,6 | 75,5 | 24,5 | 47,7 |
| 14,0 | 8,3 | 3,9 | 33,9 | 3,0 | 50,1 | 11,7 | 18,0 |
| | | | | | | | |
| 32,7 | 20,4 | 11,0 | 61,5 | 30,8 | 67,7 | 38,9 | 58,9 |
| 33,1 | 17,3 | 10,8 | 49,9 | 22,4 | 57,4 | 30,1 | 45,1 |
| | | | | | | | |
| 24,2 | 17,9 | 9,6 | 50,7 | 32,0 | 56,1 | 31,1 | 46,5 |
| 32,5 | 21,4 | 11,0 | 55,6 | 24,7 | 63,1 | 34,3 | 48,0 |
| 48,0 | 16,8 | 13,2 | 70,5 | 25,4 | 77,8 | 43,6 | 74,5 |
| | | | | | | | |
| 32,7 | 17,9 | 16,9 | 78,1 | 54,9 | 75,5 | 53,2 | 93,8 |
| 35,5 | 20,3 | 9,8 | 54,6 | 20,5 | 62,4 | 32,6 | 48,5 |
| 25,0 | 14,6 | 9,9 | 53,2 | 33,0 | 61,9 | 30,4 | 39,8 |

## Tafla 7. Vöru- og þjónustukaup einstaklinga á netinu 2011
*Table 7. Goods and services purchased over the Internet 2011*

| | Matvæli, eða annað sem selt er í matvöru-verslunum *Food and groceries* | Hluti til heimilis, húsgögn, leikföng *Household goods, furn-iture, toys* | Lyf *Medicine* | Tónlist, kvikmyndir *Music, films* | Bækur, tíma-rit, dagblöð, rafbækur *Books, magazines, e-books* | Föt og íþróttavörur *Clothes or sportsgoods* | Hugbúnaður fyrir tölvur, tölvuleikir *Software, videogames* | Tölvur og íhlutir *Computer hardware* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Allir** ***All*** | **9,4** | **17,4** | **6,7** | **31,0** | **41,5** | **40,9** | **34,3** | **10,4** |
| **Karlar alls** | **7,2** | **15,2** | **5,0** | **37,6** | **42,6** | **33,3** | **47,4** | **14,0** |
| ***Men total*** | | | | | | | | |
| 16–24 ára *years* | 9,9 | 13,3 | 4,8 | 36,8 | 19,0 | 32,3 | 57,9 | 12,7 |
| 25–54 ára *years* | 7,7 | 17,9 | 5,0 | 40,9 | 46,4 | 38,3 | 46,1 | 12,4 |
| 55–74 ára *years* | 2,6 | 6,8 | 5,3 | 25,6 | 55,5 | 14,9 | 40,3 | 21,8 |
| **Konur alls** | **11,9** | **19,9** | **8,6** | **23,2** | **40,3** | **49,9** | **19,0** | **6,2** |
| ***Women total*** | | | | | | | | |
| 16–24 ára *years* | 5,2 | 15,6 | 11,4 | 20,9 | 16,6 | 69,3 | 9,7 | 1,3 |
| 25–54 ára *years* | 13,9 | 22,4 | 7,6 | 25,8 | 44,5 | 48,9 | 22,6 | 7,5 |
| 55–74 ára *years* | 10,2 | 10,2 | 10,5 | 9,5 | 51,2 | 24,0 | 10,2 | 5,4 |

**Skýringar** *Notes*: Spurt var um notkun í eigin þágu á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar. *People were asked about for which private purpose they had used the Internet in the last three months prior to the survey.*

| Raftæki<br>*Electronics* | Hlutabréf, tryggingar o.fl.<br>*Shares, insurance, and such* | Farmiðar, bílaleigubíll og fleira ferðatengt<br>*Travel arrange-ments* | Gisting á ferðalögum<br>*Accommo-dation* | Aðgöngu-miðar á viðburði<br>*Tickets for events* | Happa-drætti, veð-mál, lottó<br>*Lotteries and betting* | Fjarskipta-þjónusta<br>*Telecomm-unication services* | Kennsluefni á rafrænu formi<br>*E-learning material* | Annað<br>*Other* |
|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|---:|
| **16,4** | **10,1** | **46,9** | **41,0** | **44,9** | **33,7** | **54,9** | **19,6** | **6,1** |
| **21,7** | **13,3** | **46,5** | **41,7** | **43,3** | **41,5** | **54,2** | **23,6** | **8,6** |
| 24,2 | 9,5 | 25,7 | 29,3 | 44,8 | 56,5 | 61,8 | 26,2 | 7,6 |
| 22,6 | 13,3 | 48,5 | 42,2 | 44,0 | 40,7 | 53,6 | 22,0 | 7,7 |
| 15,2 | 17,8 | 62,7 | 53,9 | 38,8 | 27,6 | 47,9 | 26,9 | 13,2 |
| **10,2** | **6,4** | **47,3** | **40,1** | **46,7** | **24,5** | **55,8** | **14,8** | **3,3** |
| 14,6 | 3,7 | 41,5 | 31,0 | 41,6 | 13,4 | 71,8 | 17,6 | 10,2 |
| 10,3 | 7,2 | 46,8 | 41,5 | 47,2 | 26,3 | 53,7 | 15,0 | 2,0 |
| 2,6 | 5,6 | 60,2 | 46,1 | 51,5 | 30,9 | 43,1 | 9,0 | 0,0 |

**Tafla 8. Tölvukunnátta, aðgerðir á tölvur 2011**
*Table 8. Computer skills, computer related activities 2011*

| | Afritað eða fært til skjal eða möppu *Copied or moved file or folder* | Fært uppl. í skjali með copy/paste *Used copy/paste to move inform. in a document* | Notað einfald-ar formúlur, s.s. í Excel *Used basic formulas in spreadsheet* | Þjappað skrár *Compressed files* |
|---|---|---|---|---|
| **Allir** ***All*** | **85,0** | **85,0** | **76,3** | **56,6** |
| **Aldur** ***Age*** | | | | |
| 16–24 ára *years* | 93,9 | 99,2 | 86,5 | 70,1 |
| 25–34 ára *years* | 91,7 | 95,8 | 85,3 | 70,5 |
| 35–44 ára *years* | 87,9 | 89,4 | 81,8 | 60,2 |
| 45–54 ára *years* | 84,5 | 81,1 | 73,0 | 52,1 |
| 55–64 ára *years* | 74,1 | 70,5 | 64,1 | 38,8 |
| 65–74 ára *years* | 55,7 | 41,6 | 40,8 | 17,2 |
| **Karlar alls** ***Males, total*** | **86,4** | **84,4** | **77,6** | **64,8** |
| 16–24 ára *years* | 96,8 | 99,0 | 81,9 | 79,6 |
| 25–54 ára *years* | 86,5 | 86,4 | 80,4 | 67,3 |
| 55–74 ára *years* | 75,6 | 64,0 | 65,1 | 42,6 |
| **Konur alls** ***Females, total*** | **83,5** | **85,6** | **75,1** | **48,1** |
| 16–24 ára *years* | 90,5 | 99,4 | 92,0 | 58,6 |
| 25–54 ára *years* | 89,9 | 91,6 | 80,0 | 54,9 |
| 55–74 ára *years* | 61,3 | 58,8 | 48,8 | 21,8 |
| **Búseta** ***Residence*** | | | | |
| Höfuðborgarsvæði *Capital region* | 87,6 | 88,8 | 79,9 | 60,1 |
| Landsbyggð *Other regions* | 80,4 | 78,5 | 70,2 | 50,5 |
| **Menntun** ***Education*** | | | | |
| Skyldunám *Primary* | 75,3 | 77,6 | 65,4 | 45,6 |
| Stúdent eða iðnnám *Secondary* | 85,7 | 83,5 | 77,0 | 56,1 |
| Nám á háskólastigi *Tertiary* | 98,4 | 99,0 | 91,5 | 73,6 |
| **Atvinna** ***Occupation*** | | | | |
| Starfandi *Employed* | 97,6 | 99,6 | 92,2 | 74,7 |
| Námsmaður *Student* | 85,3 | 85,9 | 77,5 | 56,6 |
| Aðrir *Others* | 72,7 | 71,3 | 60,1 | 39,5 |

| Tengt og sett upp tölvubúnað<br>*Connected and installed new devices* | Búið til forrit<br>*Written a computer program* | Fært skrár á milli tölvu og annarra tækja<br>*Transferred files from computer and other devices* | Búið til rafrænar glærukynningar<br>*Created electronic presentations* | Uppfært/ sett upp stýrikerfi<br>*Updated/ installed oper. system* |
|---:|---:|---:|---:|---:|
| **66,9** | **15,2** | **77,3** | **57,5** | **34,9** |
| | | | | |
| 78,5 | 20,3 | 95,9 | 88,1 | 51,1 |
| 78,7 | 22,6 | 86,8 | 68,2 | 48,8 |
| 73,6 | 15,4 | 79,5 | 58,0 | 36,4 |
| 61,4 | 10,7 | 72,3 | 47,8 | 25,2 |
| 49,5 | 8,4 | 59,3 | 33,0 | 16,5 |
| 31,6 | 4,9 | 41,2 | 16,8 | 9,3 |
| | | | | |
| **81,2** | **22,9** | **82,0** | **56,5** | **48,8** |
| 88,0 | 30,3 | 95,4 | 84,5 | 65,0 |
| 82,8 | 24,0 | 81,0 | 55,5 | 50,7 |
| 69,7 | 12,2 | 71,5 | 31,1 | 27,1 |
| | | | | |
| **51,9** | **7,2** | **72,3** | **58,5** | **20,3** |
| 67,1 | 8,3 | 96,6 | 92,3 | 34,3 |
| 59,8 | 8,6 | 78,5 | 61,1 | 23,1 |
| 19,3 | 2,7 | 36,6 | 24,8 | 2,1 |
| | | | | |
| 68,5 | 17,5 | 78,5 | 62,3 | 37,3 |
| 64,1 | 11,2 | 75,0 | 49,1 | 30,7 |
| | | | | |
| 59,0 | 10,8 | 70,5 | 44,7 | 29,2 |
| 69,1 | 16,4 | 76,5 | 50,8 | 36,0 |
| 76,3 | 19,3 | 89,0 | 87,6 | 41,7 |
| | | | | |
| 81,6 | 22,5 | 96,7 | 95,8 | 57,2 |
| 67,1 | 14,4 | 76,6 | 54,5 | 32,6 |
| 54,2 | 11,3 | 62,0 | 37,8 | 24,7 |

**Tafla 9. Netkunnátta, aðgerðir á neti 2011**
*Table 9. Internet skills, Internet related activities 2011*

| | Notað leitarvél á netinu *Used an online search engine* | Sent tölvupóst með viðhengi *Sent an email with attachment* | Sett skilaboð á spjallvef *Posted message on discussion forums* |
|---|---|---|---|
| **Allir** ***All*** | **93,8** | **88,6** | **52,9** |
| **Aldur** ***Age*** | | | |
| 16–24 ára *years* | 99,1 | 96,6 | 69,4 |
| 25–34 ára *years* | 92,9 | 93,0 | 72,0 |
| 35–44 ára *years* | 95,6 | 90,8 | 52,7 |
| 45–54 ára *years* | 95,4 | 88,1 | 41,0 |
| 55–64 ára *years* | 92,9 | 80,0 | 32,4 |
| 65–74 ára *years* | 73,1 | 64,1 | 22,5 |
| **Karlar alls** ***Men total*** | **95,6** | **89,7** | **55,1** |
| 16–24 ára *years* | 99,0 | 96,3 | 73,4 |
| 25–54 ára *years* | 95,7 | 89,2 | 55,9 |
| 55–74 ára *years* | 91,5 | 84,4 | 34,0 |
| **Konur alls** ***Women total*** | **92,0** | **87,4** | **50,5** |
| 16–24 ára *years* | 99,2 | 97,0 | 64,6 |
| 25–54 ára *years* | 93,4 | 92,2 | 55,5 |
| 55–74 ára *years* | 82,3 | 66,1 | 24,9 |
| **Búseta** ***Residence*** | | | |
| Höfuðborgarsvæði *Capital region* | 94,6 | 90,7 | 55,6 |
| Landsbyggð *Other regions* | 92,5 | 84,8 | 48,0 |
| **Menntun** ***Education*** | | | |
| Skyldunám *Primary* | 92,6 | 81,6 | 50,2 |
| Stúdent eða iðnnám *Secondary* | 92,1 | 89,2 | 48,6 |
| Nám á háskólastigi *Tertiary* | 98,8 | 98,8 | 62,1 |
| **Atvinna** ***Occupation*** | | | |
| Starfandi *Employed* | 100,0 | 97,9 | 75,0 |
| Námsmaður *Student* | 95,0 | 89,3 | 49,7 |
| Aðrir *Others* | 83,2 | 78,7 | 43,3 |

| Notað netið til að hringja símtöl *Used Internet to make phonecalls* | Notað skráar-skiptaforrit *Used peer-to-peer file sharing* | Búið til vefsíðu Created a webpage | Sett inn texta, leiki, myndir, myndb., tónlist *Uploaded text, films, images, music on webs.* | Breytt öryggisstyllingum á netvafra *Modified security settings of browser* |
|---|---|---|---|---|
| **64,4** | **33,4** | **33,8** | **59,7** | **46,2** |
| | | | | |
| 75,6 | 66,3 | 59,6 | 88,5 | 34,2 |
| 75,5 | 53,6 | 42,4 | 75,5 | 34,9 |
| 60,4 | 25,5 | 34,1 | 61,8 | 40,8 |
| 54,8 | 15,7 | 23,5 | 47,9 | 53,4 |
| 58,1 | 8,1 | 12,4 | 29,8 | 63,6 |
| 49,8 | 2,4 | 5,3 | 16,0 | 85,1 |
| | | | | |
| **65,6** | **43,8** | **33,6** | **58,0** | **42,9** |
| 75,2 | 81,8 | 57,8 | 86,5 | 31,3 |
| 64,6 | 41,5 | 32,0 | 58,8 | 40,1 |
| 58,8 | 11,2 | 13,4 | 26,5 | 64,1 |
| | | | | |
| **63,1** | **22,5** | **33,9** | **61,4** | **49,4** |
| 76,1 | 47,8 | 61,8 | 91,0 | 37,3 |
| 63,2 | 22,5 | 35,2 | 65,7 | 45,0 |
| 52,3 | 1,7 | 7,1 | 24,7 | 74,7 |
| | | | | |
| 66,8 | 34,2 | 35,7 | 61,8 | 43,3 |
| 60,1 | 32,0 | 30,4 | 55,9 | 51,1 |
| | | | | |
| 58,9 | 36,5 | 30,1 | 61,2 | 53,1 |
| 65,4 | 33,8 | 27,7 | 54,1 | 47,6 |
| 70,6 | 27,5 | 48,9 | 64,7 | 33,6 |
| | | | | |
| 78,2 | 62,0 | 59,7 | 88,8 | 30,3 |
| 61,8 | 27,5 | 32,0 | 55,2 | 46,9 |
| 66,7 | 28,8 | 18,0 | 47,2 | 59,3 |

**Tafla 10. Sjálfsmat á tölvu- og netkunnátta 2011**
*Table 10. Self-assessment of owns computer and Internet skills 2011*

| | Til að leita að/skipta um starf innan við árs *If looking for/changing jobs within a year* | | | Til að eiga í samskiptum við ættingja vini og vinnufélaga um netið *For communicating with relatvies friendsor co-workers over the Internet* | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Nægileg *Sufficient* | Ekki nægileg *Insufficient* | Á ekki við *Irrelevant* | Nægileg *Sufficient* | Ekki nægileg *Insufficient* | Á ekki við *Irrelevant* |
| **Allir *All*** | **66,3** | **28,0** | **5,7** | **92,8** | **6,5** | **0,7** |
| **Aldur *Age*** | | | | | | |
| 16–24 ára *years* | 85,6 | 11,7 | 2,7 | 99,0 | 1,0 | 0,0 |
| 25–34 ára *years* | 83,6 | 14,7 | 1,7 | 94,2 | 5,1 | 0,6 |
| 35–44 ára *years* | 69,0 | 28,0 | 3,0 | 94,9 | 4,4 | 0,7 |
| 45–54 ára *years* | 56,0 | 38,3 | 5,7 | 90,4 | 9,6 | 0,0 |
| 55–64 ára *years* | 44,4 | 48,8 | 6,8 | 88,3 | 9,9 | 1,8 |
| 65–74 ára *years* | 17,6 | 45,5 | 36,9 | 77,9 | 19,4 | 2,7 |
| **Karlar alls *Men total*** | **67,9** | **26,4** | **5,7** | **91,5** | **8,1** | **0,4** |
| 16–24 ára *years* | 85,1 | 12,4 | 2,5 | 98,7 | 1,3 | 0,0 |
| 25–54 ára *years* | 69,7 | 26,7 | 3,7 | 90,8 | 8,7 | 0,5 |
| 55–74 ára *years* | 43,5 | 40,9 | 15,7 | 85,6 | 13,6 | 0,8 |
| **Konur alls *Women total*** | **64,7** | **29,6** | **5,7** | **94,2** | **4,9** | **1,0** |
| 16–24 ára *years* | 86,2 | 10,8 | 3,0 | 99,4 | 0,6 | 0,0 |
| 25–54 ára *years* | 70,2 | 26,6 | 3,2 | 95,7 | 3,9 | 0,4 |
| 55–74 ára *years* | 30,5 | 54,5 | 15,0 | 85,2 | 11,5 | 3,3 |
| **Búseta *Residence*** | | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði *Capital region* | 69,1 | 24,9 | 6,0 | 94,0 | 5,4 | 0,5 |
| Landsbyggð *Other regions* | 61,4 | 33,5 | 5,1 | 90,6 | 8,5 | 1,0 |
| **Menntun *Education*** | | | | | | |
| Skyldunám *Primary* | 57,9 | 36,4 | 5,7 | 91,0 | 8,0 | 1,0 |
| Stúdent eða iðnnám *Secondary* | 65,0 | 28,8 | 6,2 | 91,6 | 7,9 | 0,5 |
| Nám á háskólastigi *Tertiary* | 80,4 | 14,4 | 5,2 | 97,4 | 2,3 | 0,2 |
| **Atvinna *Occupation*** | | | | | | |
| Starfandi *Employed* | 88,3 | 9,5 | 2,2 | 99,1 | 0,5 | 0,4 |
| Námsmaður *Student* | 64,7 | 30,9 | 4,4 | 93,3 | 6,0 | 0,7 |
| Aðrir *Others* | 51,4 | 34,6 | 14,1 | 87,1 | 12,3 | 0,6 |

| Til að vernda persónuleg gögn<br>*For protecting personal data* | | | Til að vernda tölvu gegn vírusum<br>*For protecting computer from viruses* | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Nægileg<br>*Sufficient* | Ekki nægileg<br>*Insufficient* | Á ekki við<br>*Irrelevant* | Nægileg<br>*Sufficient* | Ekki nægileg<br>*Insufficient* | Á ekki við<br>*Irrelevant* |
| **62,1** | **34,2** | **3,6** | **57,8** | **39,7** | **2,5** |
| | | | | | |
| 79,7 | 18,6 | 1,7 | 74,4 | 24,9 | 0,7 |
| 72,2 | 26,8 | 1,1 | 69,7 | 29,4 | 0,9 |
| 61,4 | 35,4 | 3,2 | 53,8 | 43,9 | 2,3 |
| 52,5 | 42,4 | 5,1 | 50,6 | 45,1 | 4,3 |
| 47,3 | 45,6 | 7,1 | 41,7 | 54,2 | 4,1 |
| 37,2 | 55,3 | 7,5 | 36,1 | 59,7 | 4,2 |
| **65,2** | **32,5** | **2,3** | **67,3** | **30,9** | **1,7** |
| 81,9 | 17,4 | 0,7 | 85,3 | 14,0 | 0,7 |
| 63,2 | 33,9 | 2,9 | 66,0 | 32,0 | 1,9 |
| 53,6 | 44,4 | 2,0 | 51,8 | 45,9 | 2,3 |
| **58,8** | **36,1** | **5,1** | **47,8** | **48,9** | **3,2** |
| 77,1 | 20,0 | 2,9 | 61,4 | 37,9 | 0,7 |
| 61,4 | 35,4 | 3,2 | 50,3 | 46,6 | 3,1 |
| 35,8 | 52,1 | 12,1 | 29,0 | 65,0 | 5,9 |
| | | | | | |
| 65,0 | 31,7 | 3,3 | 60,3 | 37,7 | 2,0 |
| 57,1 | 38,7 | 4,3 | 53,4 | 43,3 | 3,2 |
| | | | | | |
| 60,1 | 35,3 | 4,6 | 56,6 | 40,2 | 3,1 |
| 60,9 | 36,1 | 3,0 | 56,8 | 40,8 | 2,5 |
| 66,9 | 29,7 | 3,4 | 60,5 | 37,9 | 1,6 |
| | | | | | |
| 78,0 | 19,9 | 2,1 | 74,3 | 24,5 | 1,2 |
| 60,2 | 35,6 | 4,2 | 57,4 | 40,3 | 2,3 |
| 56,7 | 39,8 | 3,5 | 44,9 | 50,2 | 4,9 |

Hagtíðindi
Statistical Series

**Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni**
***Tourism, transport and IT***

96. árg. • 45. tbl.
2011:2

ISSN 0019-1078
ISSN 1670-4592 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4606 (rafræn útgáfa *PDF*)
Verð kr. *Price ISK* 1.300 • € 11
Umsjón *Supervision* Árni Fannar Sigurðsson • arni.sigurdsson@hagstofa.is
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
afgreidsla@hagstofa.is
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*